

Ed.
um lögreglumenn.

255. Frumvarp til laga

Flm.: Bjarni Benediktsson.

1. gr.

Ríkisstjórnin ákveður fjölda lögregluþjóna í hverjum kaupstað eða kauptúni, þar sem hún telur lögregluþjóna þörf. Hvergi er henni þó heimilt án samþykkis Alþingis að ákveða, að fleiri lögregluþjónar en tveir skuli vera á hverja 1000 íbúa.

2. gr.

Ráðherra skipar lögregluþjóna og veitir þeim lausn, að fengnum tillögum lög-
reglustjóra þess, sem með lögreglustjórn fer þar, sem lögregluþjónn skal hafa að-
setur. Þeir lögregluþjónar, sem þegar eru skipaðir í stöður sínar, halda þeim þrátt
fyrir setning þessara laga.

3. gr.

Nú telur ríkisstjórnin það nauðsynlegt vegna öryggis, og getur ráðherra þá, að
fengnum tillögum lögreglustjóra, skipað varalögreglumenn til viðbótar lögregluþjón-
um þeim, er í 1. gr. segir, en leita skal samþykkis Alþingis á þeirri ráðstöfun svo
fljótt sem við verður komið.

4. gr.

Skipshafnir varðskipanna teljast til lögreglumanna. Heimilt er ráðherra að ákveða
hið sama um tollverði, og eru þeir þá skyldir til að inna af höndum störf lögreglu-
manna. Tollvörðum, er tóku við starfi sínu, áður en lög um lögreglumenn, nr. 92 19.
júni 1933, gengu í gildi, verður þó ekki skipað að vinna störf lögreglumanna gegn
vilja sínum.

5. gr.

Lögregluþjónum og lögreglumönnum, sem í 4. gr. eru taldir, er skylt eftir fyrir-
mælum ráðherra að gegna störfum, hvar sem er á landinu. Ráðherra er og heimilt,
þegar sérstaklega stendur á, að leggja sömu skyldur á varalögreglumenn skv. 3. gr.

6. gr.

Í sveitum og kaupþúnum, þar sem engir lögregluþjónar starfa, er ráðherra
heimilt, að fengnum tillögum löðreglustjóra, að löggilda menn til þess, undir stjórn
lögreglustjóra eða hreppstjóra, að halda uppi reglum á mannfundum og samkom-
um innan héraðs.

7. gr.

Allir lögreglumenn skv. 1., 3., 4. og 6. gr. eru sýslunarmenn ríkisins og njóta
sömu verndar og aðstöðu og þeir menn, er gegna borgaralegri skyldu. Enginn má
á neinn hátt varna því, að maður gegni störfum skv. 3. og 6. gr. Brot gegn þessu
ákveði varða sektum frá 100 til 10000 krónum, nema þyngri refsing liggji við að
lögum, og skal með mál út af brotum þessum fara sem almenn lögglumál.

8. gr.

Lögreglan má eigi hafa önnur skipti af vinnudeilum en þau að halda þar sem
ella uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

9. gr.

Ráðherra er heimilt að efna til námskeiðs í Reykjavík fyrir lögreglumenn. Hann
ákveður og, hver skuli vera einkenni og útbúnaður lögreglumanna.

10. gr.

Greiða skal úr ríkissjóði allan kostnað, sem leiðir af framkvæmd laga þessara,
þ. á m. laun allra lögregluþjóna og annarra lögreglumanna.

Laun lögregluþjóna skulu ákveðin í launalögum. Þangað til svo er gert, skulu
lögregluþjónar fá laun ákveðin eftir sömu reglum og á hverjum stað hafa gillt.

Ráðherra ákveður laun lögreglumanna þeirra, sem í 3. og 6. gr. eru taldir.

Allir lögreglumenn eiga rétt á bótum fyrir meiðsli og tjón, sem þeir verða fyrir
vegna starfs síns.

11. gr.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga.
Hann setur og reglur um réttindi og skyldur lögreglumanna.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og falla þá jafnframt úr gildi lög um lögreglumenn, nr. 50 12. febr. 1940, og önnur ákvæði laga, sem brjóta í bág við lög þessi.

Greinargerð.

Löggæzla er eðli sinu samkvæmt einn þáttur ríkisvaldsins. Svo er einnig hér á landi. Lögreglustjórar eru skipaðir af eða á ábyrgð dómsmálaráðherra. En lögreglustjórar fara með löggæzluna og stjórn lögreglumanna undir yfirstjórn dómsmálaráðherra.

Í sveitum landsins ber ríkissjóður og allan kostnað af lögreglumálum. Hreppstjórar, sem þar fara að miklu leyti með lögregluvald, taka laun sín úr ríkissjóði, þótt sýslunefndir hafi nokkur skipti af skipun þeirra. Samkvæmt lögum um löggæzlumenn, nr. 50 1940, ber ríkissjóður og allan annan kostnað af löggæzlu í sveitum.

Í bæjum og stærri kaптúnunum gegnir öðru máli. Ef þar eru skipaðir sérstakir lögregluþjónar, bera bæjar og sveitarsjóðirnir ýmist allan kostnað af starfi þeirra eða $\frac{3}{8}$ hluta kostnaðarins. Þó ber ríkið að sjálfsgöðu allan kostnað af ríkislögreglumönnum.

Það er mjög gagnstætt eðli málsins og sanngirni að leggja lögreglukostnað á sjóði bæja og stærri kaптúna. Ríkinu ber sama skylda til löggæzlu þar sem annars staðar í landinu. Bæjar- og sveitarstjórnir hafa og engin áhrif á stjórn lögreglunnar á þessum stöðum fremur en öðrum í landinu. Bæjarstjórnir eiga að vísu í orði kveðnu að skipa lögregluþjóna, en mega eigi gera það nema eftir tillögum lögreglustjóra, og hafa þeir úrslitavaldið um skipunina. Að öðru leyti hafa bæjarstjórnir og engin áhrif á stjórn lögreglunnar, en samt eru þær skyldaðar til greiðslu kostnaðar af henni. Jafnvel fjöldi lögreglumanna er nú yfirleitt ákveðinn af dómsmálaráðherra, stundum gagnstætt tillögum bæjarstjórna.

Kostnaður sá, sem með þessu er lagður á bæjarsjóði, nemur mjög miklu. Í Reykjavík einni eru á fjárhagsáætlun 1943 1800000 krónur ætlaðar til lögreglumála, og fær bærinn einungis $\frac{1}{8}$ hluta þeirrar upphæðar endurgreiddan úr ríkissjóði.

Af þessari skyldu bæja til að greiða lögregluþjónum laun þeirra hefur verið talið leiða, að þeim bæri einnig að greiða lögregluþjónum bætur, ef þeir væru settir frá starfi, án þess að nægar sakir væru sannaðar. Þess vegna var t. d. Reykjavíkurbær með dómi hæstaréttar 11. des. 1942 dæmdur til að greiða fyrrverandi lögregluþjóni bætur af þessum sökum. Er það þó að öllu leyti á valdi lögreglustjóra, en að engu leyti stjórnarvalda bæjarins, hvort lögregluþjónar eru sviptir störfum.

Í öðru máli hefur hæstiréttur hins vegar vikið að meginkjarna þessa máls og kveðið upp dóm, sem sannarlega ætti að verða löggjafanum til fyrirmyndar. Bæjarsjóður var sóttur til bóta fyrir meiðsli, sem lögreglumenn höfðu valdið í starfi sínu. Dómur hæstaréttar var kveðinn upp 11. júní þ. á., og segir þar m. a.:

.....
Lögreglumenn þeir, sem í máli þessu greinir, voru að rækja störf sín í lögreglu Reykjavíkur, þegar gagnáfrýjandi hlaut lemstur sitt. Yfirstjórn lögreglu Reykjavíkur og ákvarðanir um framkvæmd hennar eru falin handhöfum ríkisvalds. Athafnir lögreglu þessarar eru því þáttur í beiting ríkisvalds, enda eru lögreglumennirnir um meðferð starfa síns ekki háðir stjórnvöldum Reykjavíkur. Eru þess vegna ekki efni til þess að greiða gagnáfrýjanda bætur úr bæjarsjóði Reykjavíkur, og breytir það ekki þessari niðurstöðu, þótt annar lögreglumannanna tæki laun sín úr nefndum bæjarsjóði og bæjarstjórnin hafi haft hönd í bagga um skipun hans. Ber því að sýkna borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarsjóðs, en málskostnaður gagnvart honum þykir eiga að falla niður.

.....

Rök hæstaréttar fyrir sýknu bæjarsjóðs eiga ekki síður við um það, að ósann-
gjarnt er, að bæjarsjóðir greiði þeim starfsmönnum laun, sem þeir hafa engin ráð
yfir.

Í frv. þessu er í samræmi við þetta lagt til, að rikissjóður beri einn allan kostnað
af lögreglumönnum, hvar sem er í landinu, og að bæir og stærri kaupþún verði um
þetta látin njóta jafnréttis við aðra landsmenn.

Núgildandi lög um lögreglumenn eru lögð til grundvallar frv. og þeim einungis
vikið við til samræmis við hina sanngjörnu og sjálfsögðu jafnréttistillögu, sem er
aðalatriði frv.

Um einstakar greinar skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi grein er óbreytt um það, að rikisstjórnin ákveður, hversu margir lögreglu-
þjónar skuli vera. Því einu er breytt, að tillöguréttur bæjar- og sveitarstjórna er af-
numinn, enda leiðir það af því, að ríkið eitt á að bera kostnaðinn. En auk þess hefur
tillöguréttur þessi hingað til reynzt lítils virði, því að úrslitaráðin hafa verið hjá
rikisstjórn. Eðlilegt sýnist, að Alþingi samþykki, ef fjölga á lögreglumönnum meira
en hámarki greinarinnar nemur, og er því meiri ástæða til að taka það berum orð-
um fram sem slík fjölgun ríkislögreglumanna mun hafa verið gerð án beins sam-
þykkis Alþingis. Ætlað er til, að rikisstjórnin í heild taki ákvörðun um fjölda lög-
regluþjóna.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir, að dómsmálaráðherra skipi lögregluþjóna, en þó sé áður leitað
tillagna lögreglustjóra þess, sem hlut á að máli. Rétt þykir, að þeir lögregluþjónar,
sem þegar hafa hlotið skipun, haldi stöðum sínum þrátt fyrir það, þótt þeir hafi verið
skipaðir í stöður sínar eftir öðrum reglum.

Um 3. gr.

Ástæðulaust þykir, að varalögreglumenn séu skipaðir, nema þess sé þörf öryggis
vegna. Að öðru leyti er grein þessi að efni til samhljóða 6. gr. núgildandi laga, að
því viðbættu, að leita skal samþykkis Alþingis á kvaðning varalögreglumanna svo
fljótt sem við verður komið. Er eðlilegt, að Alþingi segi til um, hvort sú ráðstöfun
sé nauðsynleg. Ef Alþingi situr að fundum, þegar ráðstöfunin er gerð, skal bera
hana undir það, þegar er ráðstöfunin hefur verið gerð. Ella er nóg að gera það, þegar
þingið hvort eð er kemur saman.

Um 4. gr.

Þessi gr. er að efni hin sama og núgildandi 5. gr.

Um 5. gr.

Greinin samsvarar 2., 3. og 8. gr. núgildandi laga. Þar sem ríkið á nú eitt að bera
kostnaðinn, þykir sjálfsagt að veita rýmri heimild en áður til að skipa lögreglu-
mönnum til starfa utan hins venjulega umdæmis síns. Varlegar ber þó að fara um
sendiför varalögreglumanna stað úr stað en annarra lögreglumanna, þar sem hinir
fyrirtöldu gegna löggæzlu einungis sem aukastarfi og verða einungis kvaddir til starfa
um stundarsakir.

Um 6. gr.

Þessi grein er óbreytt um efni frá núgildandi 10. gr. Ekki þykir ástæða til, að
veitt sé heimild til þess, að þessir menn séu sendir til löggæzlu utan heimkynna
sinna, þar sem venjuleg löggæzla þeirra er svo mjög takmörkum háð sem í gr. segir.

Um 7. gr.

Efni hið sama og nú er í 7. gr. laganna. Sekretarákvæði er hækkað í samræmi við
breytta tíma.

Um 8. gr.

Efni gr. hið sama og í 4. gr. nógildandi laga. Orðfæri einungis leiðrétt.

Um 9. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 10. gr.

Í 1. málsg. er fólgin aðalnýjung frv., og er þegar nægileg grein fyrir henni gerð. Eðlilegt þykir, að þar til er launalög verða sett, haldi lögregluþjónar núverandi kjörum sínum óbreyttum, þó auðvitað svo, að áhættuþóknun t. d. hverfi, þegar áhætta er úr sögunni.

3. mgr. er að efni tekin úr 7. og 10. gr., sbr. 12. gr. nógildandi laga.

4. mgr. er að efni til samhljóða niðurlagi 2. mgr. 7. gr. nógildandi laga.

Um 11. gr.

Greinin er óbreytt.

Um 12. gr.

Þarfnast ekki skýringar að öðru en því, að meðal þeirra lagaákvæða, sem úr gildi falla, eru auðvitað m. a. sérákvæði í lögum um einstaka kaupstaði, að bæjarstjórnin skuli hafa þar greind skipti af skipun lögregluþjóna og greiða kostnað af löggæzlumálum.